



Fundargerð

Svæðisráð suðursvæðis - 79. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn á fjarfundi, 6. apríl 2020, kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Matthildur Ásmundardóttir formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Friðrik Jónas Friðriksson varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hjördís Skírnisdóttir aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Laufey Guðmundsdóttir aðalfulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu, Sigríður Arna Arnþórsdóttir aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Snævarr Guðmundsson aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka, Hrafnhildur Ævarsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar og Steinunn Hödd Harðardóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

1. Skaftafell - Umsókn um aðstöðu fyrir veitingavagn - 2003047

Umsókn um leyfi til reksturs veitingavagns í Skaftafelli

Fyrirhugaðar eru breytingar á deiliskipulagi í Skaftafelli í því skyni að móta framtíðar-fyrirkomulag svæðisins, m.a. hvað varðar aðstöðu rekstraraðila á svæðinu. Núverandi rekstraraðilar í Skaftafelli hafa heimild til að vera með rekstur á svæðinu út árið 2020. Atvinnustefna þjóðgarðsins hefur verið samþykkt og kom inn í reglugerð fyrir Vatnajökulsþjóðgarð í byrjun apríl 2020. Vatnajökulsþjóðgarður hefur ekki lokið við innleiðingu atvinnustefnunnar. Í ljósi þessarar stöðu getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu en er nú þegar.

2. Viðbragðsáætlun vegna COVID-19 - 2003004

Aðstoðarmenn þjóðgarðsvarðar kynna aðgerðir suðursvæðis varðandi COVID-19.

Aðstoðarmenn þjóðgarðsvarðar kynntu stöðu mála á suðursvæði og í þjóðgarðinum öllum vegna COVID-19.

3. Aðal- og deiliskipulag Jökulsárlón á Breiðamerkursandi - 2001045

Mannvirkja- og gæðafulltrúi kynnrir stöðu deiliskipulags á Jökulsárlóni og næstu skref.

Gestir

Gunnlaugur Róbertsson - 10:30

Mannvirkja- og gæðafulltrúi kynnti stöðu á vinnu deiliskipulags á Jökulsárlóni. Verið er að vinna að uppfærslu á uppdretti vegna athugasemdar sem barst nú fyrir stuttu. Vatnajökulsþjóðgarður hefur fengið vilyrði fyrir 50 milljónum aukalega árið 2020, og því er til framkvæmdafé upp á 100 milljónir fyrir árið 2020. Mannvirkja- og gæðafulltrúi gerir ráð fyrir því að fyrsta skref framkvæmda verði uppbygging grunninnviða á svæðinu, s.s. vegna vatns, rafmagns, o.fl. Svæðisráð fagnar þessu og tekur undir þessa forgangsöröðun.

4. Hönnun og útboð, hreinsivirki í Skaftafelli - 2001011

Mannvirkja- og gæðafulltrúi fer yfir stöðu á hreinsivirki í Skaftafelli.

Gestir

Gunnlaugur Róbertsson - 10:45

Mannvirkja og gæðafulltrúi kynnti stöðu á hreinsivirki í Skaftafelli. Búið er að opna útboð fyrir verkið. Verkefnið er það stórt að það þarf að bjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu, og verður útboðið því opið í 4 vikur. Allt ferlið miðar að því að hægt sé að nota seyrana í uppgræðslu, en nauðsynlegt er að finna stað ekki mjög langt frá Skaftafelli til þess að nýta hana.

Svæðisráð fagnar þessum áfanga.

5. Drög að reglugerð um atvinnutengda starfsemi innan þjóðgarðs - 1906039

Kynning á nýrri reglugerð fyrir Vatnajökulspjóðgarð, þar sem m.a. er fjallað um atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs.

Svæðisráð fagnar reglugerðinni og því að hægt sé að fara að hefja innleiðingu atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs.

6. Nailed it ehf. Greiðslufrestur v. stöðuleyfis - 2004007

Karl Jóhann Guðmundsson óskar eftir frest á greiðslum vegna leigu á aðstöðu við Jökulsárlón.

Laufey Guðmundsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

Svæðisráð hvetur stjórn til þess að skoða mögulegar leiðir til þess að koma til móts við fyrirtæki sem eru með samninga við þjóðgarðinn og lenda í greiðsluvanda vegna fordæmalausra aðstæðna.

Fundargerð ritaði: Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundi slitið kl. 12:00.